
HRAFNINN

Skólablað Hrafnagilsskóla.
Nóvember 2022



Útgáfa Hrafnsins

Nemendur á unglingastigi



Ábyrgðarmenn: Auðrún Aðalsteinsdóttir og Páll Pálsson

Forsíðumynd: Þórdís Anja Kimsdóttir

Viðtal

Guðný Ósk Karlsdóttir- útskrifaðist árið 2010

Hvað ertu gömul?



Ég er 27 ára.

Hvar býrðu?

Kópavogi.

Hvað er eftirminnilegast úr skólanum?

Hvað kennararnir voru skemmtilegir og hvað það var mikið um listir.

Hvað vinnur þú við og af hverju?

Ég starfa sem aðstoðarskólastjóri í dansskóla og síðan er ég söngkona. Ég vinn við það af því að vinna við skapandi vinnu og vinna með börnum er eitthvað sem ég hef alltaf haft áhuga á.

Hvað var leiðinlegast í skólanum og þú saknar ekki?

Skólasund.

Hver var uppáhalds kennarinn þinn?

Björk.

Hvað var uppáhalds fagið þitt?

Tónmennt.

Hvers saknarðu mest?

Ég sakna góða andans og borða alltaf með bestu vinkonum mínum í hádeginu.

Hvaða liði heldur þú með í ensku deildinni?

Haha Manchester United, vá hvað þetta var random spurning.

Hvað myndir þú gefa Hrafnagilsskóla í einkunn á skalanum 1-10?
10/10.

Krossgáta



Lárétt

3. Hjá þessum kennara er bannað að nota translate.
5. Þessi kennari er eini kennarinn sem kann á tölvur.
7. Þessi starfsmaður hefur gefið út tvær skáldsögur.
9. Vantar þig eitthvað? Þessi mun alltaf bjarga þér.
10. Þessi kennari er búinn að vinna hérna í að minnsta kosti 25 ár.

Lóðrétt

1. Þessum finnst gaman að tala.
2. Þessum finnst gaman að veiða.
4. Nafnið á þessum strafsmanni er trjátegund.
6. Þessi kennari er alltaf í kjólum (Bæði fyrra og seinna nafnið).
8. Yngri krakkarnir eru flestir hræddir við þennan kennara.

Móttó nemenda



8. bekkur:

Aksels: Matur

Alexander: Núúú

Amý: Mér er alveg sama

Anna Sigrún: I Hate socks

Anton: Noh

Aron: Fuck!!

Ágústa: Hvernig gengur í lífinu

Benjamín:Án djoks

Emelía: Læt ykkur vita á eftir

Emma: Ég skil ekki

Frans: það er njálgur í nammibarnum

Katrín: Ég nenni ekki

Kolfinna: Wake up and breakup

Logi: Og

Ólöf: Lokið glugganum

Rakel: Mér er kalt

Sunna: Ég er upptekin

Sölvi: Ég segi bara áfram KA

Móttó nemenda



9. bekkur:

Edda: Bummer

Elfa: Omg Gella!

Eva: Ég gleymdi að skila

Friðrik: Vaaúúúú

Heiðrún: Sjálfsagt

Helga: skvís

Hlynur: Betra að eiga en að vanta

Ívar: Þetta er svo ósanngjarnt

Jökull: Freedom!

Karólína María: Yndislegt

Karólína Sæunn: Engar áhyggjur

Lilja: Takk ást

Maríanna: Skellur


Ósk: Slæmt

Ronja: Sjæsinn

Sara: Þið ráðið

Þjóðann: Jeminn eini

Þórdís: Omg





Mottó nemenda

10. bekkur:

Alex: Skíttu ekki í þig

Eyvar: Marvel


Gabríel: Já

Hallgrímur: VAMOS!!

Pétur: Rasshaus

Ýmir: Ágætur





Árshátíðir









MOTTÓ STARFSMANNA

ADDA BÁRA: ÉG FÆDDIST SVONA LEIÐINLEG.
ALMA: HAFIÐ ÞIÐ SMAKKAÐ ÞETTA NAMMI?
ANNA: PLÖNTURNAR MÍNAR.....
AUÐRÚN: HI GUYS.
ÁRNÝ: DO RE MI FA SO LA TI DO.
ÁSTRÓS: LOKIÐ MUNNINUM, ÉG ER AÐ TALA.
BJÖRK: FLÆKTU EKKI LÍF ÞITT AÐ ÓÞÖRFU.
DAGMAR: KOMDU Í 8.
DAVÍÐ: ÉG REDDA ÞVÍ.
DÓRA: ÞÚ ERT NÚ MEIRI STRUMPURINN.
EINAR: ÉG VERÐ Á UNDAN YKKUR AÐ KLÁRA MATINN.
ELVA DÍANA: HÆ STELPUR GAMAN AÐ SJÁ YKKUR.
EYÞÓR: ER ÞAÐ EKKI.
GUÐNÝ: ÞAÐ ER EKKI EFTIR SEM BÚIÐ ER GERT.
HALLGRÍMUR: JÁ EKKERT MÁL.
HANS: 10 ARMBEYJUR.
HJÖRDÍS: FARÐU AÐ FINNA GLEÐINA.
HRAFNHILDUR: ÓGEÐSLEGA FLOTT.
HRUND: ÞETTA ER SKO GLÚTEINLAUST.
INGA LÓA: ÆI SKILURU HVAÐ ÉG MEI
INGIBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR: JESÚS.
JÓHANNA DÖGG: ANDSKOTANS, DJÖFULSINS, HELVÍTI.
JÓHANNA ELÍN: JÁ ÞÚ MEINAR.
KATRÍN ÚLFARS: BANNAÐ AÐ SYNGJA Í TEXTÍLSTOFUNNI.
KONNÝ: NEI HÆ!
KRISTÍN: Í LEIKSKÓLANUM ER ÞETTA SKO.....

MOTTÓ STARFSMANNA




LAUFEY: ERUÐ ÞIÐ BÚIN AÐ SMAKKA ÞETTA?
LÍSBET: MUNA STÓRANN STAF.
MARGRÉT B: ERTU BÚIN AÐ LESA ÞESSA BÓK?
MARGRÉT RÓS: JÁ ÉG FÆRI MIG BARA.
NANNA: EKKI HLAUPA Á GÖNGUNUM!!
ÓÐINN: VINUR.
ÓLÖF ÁSA: ÆI SKILURU.
PÁLL: ÞEGAR ÞEIR KOMA EIGA ALLIR AÐ GEFA ÞEIM ILLT AUGA.
REBEKKA: EIGINLEGA.
SARAH: ..... HAHAHAHA
SILJA: MIKIÐ SYNGIÐ ÞIÐ FALLEGA.
TINNA: ERTU BÚIN AÐ FYLLA Á SÁPUNA?
TRYGGVI: JÁ, JÁ, JÁ, JÁ, JÁ, JÁ, JÁ.
ÞORBJÖRG: ER ÉG AÐ LABBA INNÁ LEYNIFUND?
ÞORGERÐUR: KOMIÐ Í STUTTERMABOL - ÉG ÆTLA AÐ SPRAUTA Í DAG.
ÞÓRA: LESIÐ UPPSKRIFTINA



TVÍFARAR





EYÞÓR - ERIC IDLE




SID - HLYNUR




RUSSELL - FRANS


ÞJÓÐANN - JOE KEERY




KÖRFUBOLTAKALL - ÓÐINN




PALLI - BEN AFFLECK




KOLFINNA - BELLA HADID

Viðtal

Baldur Helgi Benjamínsson - Var á heimavistinni - Útskrifaðist árið 1989



Hvað ertu gamall?

48 ára.

Hvað var eftirminnilegast í skólanum?

Vóó ætlastu til að ég svari þessu á 5 sekúndum haha, það var auðvitað að vera á heimavist, ég var 13 ára þegar ég flutti nánast að heiman, bjó ekki heima hjá mér 5 daga í viku, þetta var mjög þroskandi. Þetta væri ekki gert í dag, það var alveg ástæða af hverju þessu var hætt. Þetta var eftirminnilegt og skemmtilegt.

Hvað var skemmtilegast á heimavistinni?

Það var náttúrulega að vera alltaf með krökkunum, við vorum rosalega mikið saman.

Hvað saknarðu ekki frá skólanum?

Það voru einstaklingar í skólanum sem ég sakna ekki, þeir voru á mörkum þess að vera húsum hæfir.

Hvað var skemmtilegasta og leiðinlegasta fagið í Hrafnagilsskóla?

Mér fannst skemmtilegast í dönsku og íslensku af því ég telst vera góður í þeim fögum, það leiðinlegasta var ábyggilega sund í vondu veðri.

Hvað er breytt síðan þú byrjaðir í skólanum?

Það er allt breytt! Stofnunin sem ég var í og stofnunin sem að þið eruð í, þær eiga fátt sameiginlegt nema nafnið. Kennsluaðferðirnar, tæknin, viðhorfin, þetta er allt breytt.

Hvort finnst þér gamli eða nýi Hrafnagilsskóli betri?

Ég held að nýji Hrafnagilsskóli sé betri, hann er miklu betri, en gamli var ágætur.

Komdu með klassísk prakkarastrik frá heimavistinni.

vá maður, það var t.d að taka hálf tómann sjampó brúsa og fylla hann með vatni og láta síðan renna niður vegginn og gluggann á næstu heimavist fyrir neðan, svo að þau sáu ekki út. Það var líka fyllt vatnsfata og sett hana upp á hálf lokaða hurð og svo þegar einstaklingurinn opnaði hana alveg, datt hún niður og á hausinn á þeim sem að opnaði dyrnar.

Tókstu eitthvað þátt í þessu?

Nei, ég gerði ekkert af mér, ég var ógeðslega góður.

Hvaða liði heldurðu með í ensku deildinni?

Ég er búin að halda með Liverpool síðan ég var 6 ára gamall.

Hvað myndirðu gefa Hrafnagilsskóla í einkunn á skalanum 1-10?

Skólinn þegar ég var í honum var solid 8/10.





Útivistarmyndir







TÖLVULEIKIR

UPPÁHALDSLEIKIR NOKKURRA NEMENDA



Eyvar - Lego leikir og Roblox
Benjamín - NBA2k23
Ýmir - Hoi4 (hearts of iron 4)
Gabríel - Call of duty world war 2
Þjóðann - Minecraft og Roblox
Logi - Minecraft, Gta5 og Roblox

LEIKIR SEM SÖMU NEMENDUR MÆLTU MEÐ

Eyvar - Lego star wars skywalker saga
Benjamín - Nba2k23
Gabríel - Flestir leikir sem hægt er að spila með vinum
Þjóðann - Minecraft og Roblox
Logi - Minecraft, Gta5 og Roblox



Áhyggjur yngri kynslóðar

Ronja Björk



Hrafnagilsskóli er hluti af nýrri kynslóð. Kynslóð sem þarf að lifa með umhverfisvandamál sem eldra fólkið er búið að skapa. Dýr eru að deyja út, það eru fullt af skógareldum og plasteyjar eru myndast í hafinu. Það munu ekki vera fullorðna fólkið sem þarf að lifa í gegnum þessar breytingar heldur við. Við erum fórnarlömbin. Viljið þið ekki að börnin ykkar lifi góðu lífi á jörðinni án þess að þurfa flýja á mars. Þetta hljómar óraunverulegt en þetta er raunveruleikinn. Hvað getum við gert? Er það kannski orðið of seint? Ég skal fara nánar í þetta og deila með þér nokkrum ráðum.

Hér tel ég upp hluti sem þið getið gert til að hjálpa jörðinni í daglegu lífi :

1. Flokka og endurnýja hluti
2. Hjóla stuttar vegalengdir
3. Minnka matarsóun
4. Taka ruslapoka með í göngutúrana og tína það rusl sem er hægt að sjá
5. Ekki kaupa óþarfa, hugsa fyrst: Þarf ég þetta, á ég svona eða mun ég nota þetta?
6. Þarf ég að fara til útlanda fjórum sinnum á ári?

Þessir hlutir geta hjálpað en geta því miður aldrei stoppað loftslagsbreytingar.
Enn getið þið gert eitthvað? Getið þið hjálpað okkur til að tryggja betri framtíð?

Orðarugl – Hlutir úr skólanum

Getur verið í allar áttir

A	B	Ý	P	Í	I	R	Æ	K	S
R	V	Á	Ö	G	S	Á	I	M	T
G	U	M	Æ	Ú	T	E	D	T	R
U	Đ	T	F	I	B	H	Ö	P	O
Ý	U	O	N	Đ	S	L	U	Ú	K
V	R	K	Ö	A	F	V	Ý	Í	L
S	Ó	L	Æ	I	Ý	U	R	Đ	E
P	B	R	F	N	Ö	L	M	J	Đ
V	B	S	T	R	O	I	B	E	U
Ý	D	Đ	L	M	Ö	P	P	U	R

- ☐ Blýantur
- ☐ Strokleður
- ☐ Skæri
- ☐ Möppur
- ☐ Blöð

Viðtal



Hulda Magnea Jónsdóttir- Kennari á eftirlaunum

Hvað ertu gömul?

Ég er nýorðin 72

Hvenær byrjaðir þú að kenna í Hrafnagilsskóla?

Mig minnir að ég hafi byrjað að kenna árið 1986, en ég byrjaði að kenna i húsmæðraskólanum 1972 og síðan í barnaskólanum á Laugalandi 1976.

Hvað kenndir þú lengi?

Ég kenndi í kringum 38 ár í Hrafnagilsskóla.

Hvað er eftirminnilegast?

Það var mjög eftirminnilegt þegar við unnum Íslensku menntaverðlaunin árið 2007, síðan fannst mér æðislegt á útivistardögunum, samverustundirnar, bekkjarreitirnir í Aldísarlundi, útikennslan, ræktun á kartöflum og verkefnavinnan i kringum það og allir umsjónar nemendurnir sem ég fékk að kynnast og einnig samstarfsfólkið.

Hvað var leiðinlegast?

Mér fannst nú ekki mjög gaman að fylla út pappíra og skýrslur. Ég vil nefna eitt sem var ekki gott, var þegar skólabíllin fauk fyrir ofan fjósið heima, Ég var rosalega hrædd þar sem það voru börn inn í bílnum en sem betur fer voru minniháttar meiðsli.

Hvernig fannst þér að kenna í Hrafnagilsskóla?

Það var mjög ánægjulegt, við vorum líka svo heppin með fólkið í kring, samstarfsfólk, nemendur og foreldrar

Hvað er breytt síðan þú byrjaðir að kenna?

Aðallega tæknin, tæknimálin öll eru rosalega breytt á þessu 45 ára starfsferli.

Hvers saknarðu mest?

Ég held að ég sakni mest samstarfsfólksins.

H vaða liði helduru með í ensku deildinni?

Ætli ég sé ekki bara Poolari (Liverpool) en ég hef nú takmarkaðan áhuga á fótbolta.

Hvað myndiru gefa Hrafnagilsskóla í einkun á skalanum 1-10?

9/10



Hátíðir og undirbúningur







Hvað vantar við skólann og hvað er gott við skólann



Er hægt að bæta eitthverju við skólann og eru einhverjar óskir hjá nemendum? Hvað finnst þeim best við skólann? Rætt var við nokkra nemendur og Hrund skólastjóra um hvað mætti bæta og hvað væri gott við skólann. Hér koma nokkur atriði.

Gott við skólann

-Matur
-Einn af bestu kennurum í heimi
-Góð tölvustofa og íþróttahús
-Unglingarnir
-Opið hús

Vantar

-Skólablað
-Ekki neitt
-Minna heimanám
-Bæta tölvustofuna
-Loftræstingu í salinn”

Viðtal við Hrund.

Vantar

- Getum alltaf verið betri og betri



Gott við skólann

- Ekki of stór skóli, allir þekkja alla
- Gott skólasamfélag
- Mannauður (fjölbreytt starfsfólk)
- Góður andi

Muffins dverganna sjö með súkkulaðibitum

Uppskrift



- 50gr bráðið smjörlíki
- 1 dl sykur
- 1 egg
- 3 dl hveiti
- 2 tsk lyftiduft
- 1 dl mjólk
- 1 tsk vanilludropar
- 1 dl smátt saxað súkkulaði

Aðferð

1. Hitið ofninn 175°C.
2. Bræðið smjörlíkið við vægan hita.
3. Setjið smjörlíki og sykur því næst í skál og blandið saman.
4. Bætið egginu við blönduna og hrærið stutta stund.
5. Hellið mjólkinni og vanilludropunum útí.
6. Sáldrið hveiti ásamt lyftidufti útí skálina og blandið vel.
7. Blandið söxuðu súkkulaðinu saman við með sleif og skiptið í pappírsmót (dugar í um 12 stk).



SÚKKULAÐIBITASMÁKÖKUR

ENGIN MJÓLK

Innihaldsefni

2 1/2 bolli hveiti
1 tsk matarsódi
1 tsk salt
1 bolli grænmetisolía
3/4 bolli dökkur púðursykur
3/4 bolli sykur
2 egg
1 tsk vanilla
1 bolli mjólkurfríir súkkulaðibitar

Leiðbeiningar

1.Forhitið ofninn í 175° og settu bökunarpappír á bökunarplötu.
2. þeytið saman hveiti, matarsóda og salt í meðalstóra skál og leggið til hliðar.
3. Í stórri skál með rafmagnshrærivél, þeytið matvæli og sykur á miðlungshraða þar til blandan er létt og ljós - um það bil 2 mínútur.
4. Bætið eggjum og vanillu saman við, þeytið þar til það hefur blandast saman.
5. Bætið hveitiblöndunni út í, um 1/2 bolli í einu, blandið þar til það er búið að hræra vel takið úr hliðunum á skálinn eftir þörfum.
6. Hrærið súkkulaðibitum rólega saman við
7. settu 2 kúlur úr meðalstórri ísskeið. kúlum af deigi á kökuplötu. Bakið í 10 – 11 mínútur.
Takið úr ofninum og leyfið kökunum að kólna á bökunarplötu í um það bil 5 mínútur áður en þær eru settar á kæligrind.
Endurtaktu skref 6 – 7 til að baka kökurnar sem eftir eru.



Brandarar

Hvað gera köngulærnar þegar þeim leiðist?

—Hanga á netinu.

Hvernig veiðir maður flugfisk?

—Nú, í loftnet.

Er þér kalt? Þá skaltu drífa þig út í horn. Þar eru 90 gráður

En á hvað veiðir maður saltfisk?

—Auðvitað á saltstöng.

Hvar færðu bestu ráðin?

—Nú, auðvitað í ráðhúsinu.

Hvað gerist ef þú gefur fugli vodka að drekka?

— Hann verður fuglur

Hvað sagði harðfiskurinn við hinn harðfiskinn?

—”Long time, no sea”

“Lekur þakið alltaf?”

“Nei bara þegar það er rigning”

Þegar Aðalbjörg svarar ekki í símann hringi ég í Varabjörgu.

Flestir fá sjokk þegar þeir uppgötva hvað ég er lélegur rafvirki.

Besta leiðin til að eiga samskipti við fiska er að senda þeim línu.

Ætli að vegan matur er dýr?

Hvað er best að nota þegar búa á til göngustíg?

— Stígvél.

Hvað kallast trans-kona sem er of sein á stefnumót?

— Translate

Ég verð alltaf svöng þegar ég finn að einhver er að grilla. Ætli að vegan-fólk verði svangt þegar nágranni þeirra slær blettinn?

Afi vina míns er frá Grikklandi og heitir Sítrónus.

Hann er alltaf kallaður Sítrónus afi....

Viðtal

Gabriel Snær Benjamínsson- Nemandi í 10. Bekk



Hvað heitir þú að fullu nafni?

Gabríel Snær Benjamínsson

Hvað ertu gamall?

Ég er 15 ára.

Hvað finnst þér vera skemmtilegasta fagið?

Klárlega íþróttir

Hvað finnst þér vera leiðinlegasta fagið?

Danska er ávallt verst

Hver er skemmtilegasti kennarinn?

Hansi er bestur.

Hlakkar þú til að útskrifast?

Já, ég myndi segja það

Hvað er eitthvað sem þú munt sakna við Hrafnagilsskóla þegar þú útskrifast?

Ég held ég muni sakna félagslífsins

Hvaða skóla ætlarðu að stefna á?

VMA er það sem ég stefni á.

Hvað er draumavinnan?

Uhmmm, Íshokkí leikmaður

Hvaða liði heldurðu með í ensku deildinni?

Arsenal er náttúrulega best

Gefðu Hrafnagilsskóla einkun á skalanum 1-10.

9/10, alltaf hægt að bæta sig.

Gömul mottó

- Don´t give a rats ass
- Ert þú að dissa mig
- Fiskarnir mínir
- Nice ass
- Ertu vangefinn
- Gaur ertu sorglegur
- Krútt
- Einskisverða mannafíla
- Grautarhaus
- Þú ert allveg freðin
- Ha ég
- Átt þú tyggjó
- Tussu helvíti
- Vitið hvað
- Ég segji bara svona
- Það eru eðlur í imbakassanum
- Láttu mig vera
- Hihihihihihiihihi
- Á eg að berja þig
- Ég fæ 10
- Svo er það gamla lumman





Viðtal

Björk Sigurðardóttir - Aðstoðarskólastjóri



Hvað ertu gömul?

Ég er 55 ára.

Hvað hefur þú búið lengi hér á Hrafnagili?

Í u.þ.b. 50 ár.

Hvað er er skemmtilegast við skólan?

Það er svo margt, ætli það sé ekki bara skemmtilegir nemendur.

Hvað er leiðinlegast?

Þegar það eru erfið samskipti á milli nemanda, mér finnst það leiðinlegt.

Hvernig var að alast upp hérna?

Það var gaman, en það gat líka verið alveg pínu erfitt. það var erfitt að vera stanslaust með einhverja aðra krakka í kringum sig allan sólarhringin og deila þannig foreldrum sínum, en það var einnig lærdómsríkt og skemmtilegt.

Hvað hefur breyst?

Það er svo margt. Það er náttúrulega stór mikil breyting að vera ekki á heimavistinni. Það er einnig allt öðruvísi að nálgast krakka í dag en var fyrir 40-50 árum síðan og það er allt öðruvísi samband á milli fullorðna og barna nú til dags. Samskiptin á milli barna og fullorðna er það sem mér finnst búið vera að stærsta breytingin.

Getur þú nefnt eina góða minningu úr barnæsku?

Það eru svo margar minningar. Sérkennilegasta minningin er örugglega að fá að fylgjast með krökkunum þegar það var verið að ferja þau yfir ánna á pramma til þess að fara í sundkennslu. Það var gaman að fá að vera með þeim á pramman og labba svo með þeim upp mýrarnar.

Hvernig var að vera í skólanum þegar þú varst unglingur?

Mér leið alltaf bara vel og fannst gaman í skólanum. Við vorum frekar mörg þannig það voru tveir bekkir í mínum árgangi.

Hvaða liði helduru með í ensku deildinni?

Ég held nú ekki með neinu sérstöku liði en heima hjá mér er annars vegar haldið með Liverpool og hins vegar Arsenal þannig það fer bara eftir með hverjum ég er að horfa.

Hvaða myndiru gefa Hrafnagilsskóla í einkun á skalanum 1-10?

Klárlega 10.

















Bekkjarmyndir







Samfélagsmiðlar

Kolfinna Lúðvíksdóttir


Margir segja að samfélagsmiðlar séu ekki góðir fyrir börn og unglinga. Að þeir eru neikvæðir fyrir svefn og líðan, og þeir geta bara haft slæm áhrif á okkur. En þeir geta líka alveg verið góðir og haft jákvæð áhrif. Hér fyrir neðan ætla ég að tala um það.

Ég nota samfélagsmiðla og mér finnst eins og þeir hjálpa mér og þeir eru líka skemmtilegir. Það sem ég nota mest er Tiktok, Instagram, Snapchat og ég nota þá til að horfa á myndbönd,búa til myndbönd, tala við vini mína, og líka að kannski læra eitthvað. Það sem er gott við þá er að þeir geta kennt þér ýmislegt eins og ensku og mörg önnur tungumál. Samfélagsmiðlar hjálpuðu mér mikið þegar ég var yngri með enskuna og ef ég hefði aldrei farið á samfélagsmiðla þá væri ég örugglega ekki jafn góð í ensku og ég er núna. Þeir eru líka góðir til að hafa samband við vini þína t.d. á snappinu. Margir hafa líka eignst vini í gegnum miðlana og jafnvel hitt þá í alvöru.

En samfélagsmiðlar eru samt ekki alltaf svona frábærir eins og þeir virðast vera, þeir geta valdið einelti. Til dæmis á snappinu eða tiktok eða bara einhverstaðar. Krakkar hafa verið að segja ljót orð og kalla nöfnum og verið bara ógeðsleg. Því það er miklu auðveldara að segja það í gegnum síman en í alvöru. Sumir hafa reynt að taka sitt eigið líf og hjá sumum heppnaðist það en hjá sumum heppnaðist það ekki. Ég hef alveg stundum séð eitthvað leiðinlegt og neikvætt á miðlunum og mér finnst það pínu sorglegt og leiðinlegt. Til dæmis var ein stelpa sem býr í Hafnarfirði lögð í alveg hryllilegt einelti. Það var alltaf verið að segja við hana að hún væri ljót og feit en hún er það bara alls ekki. Það var verið að segja við hana að hún ætti að drepa sig og og mamma hennar elski hana ekki. Stelpan reyndi að fremja sjálfsmorð en sem betur fer heppnaðist það ekki. Hún sagði í viðtali að hún hélt að allir myndu verða sáttir ef hún myndi deyja. Þetta einelti var aðallega á samfélagsmiðlum og þetta var líka líkamlegt og hún lenti á spítala út af þessu. En ég vona að henni líður betur núna.

Samfélagsmiðlar geta líka valdið kvíða og minni svefn. T.d. á Instagram þá hugsa margar stelpur að þær séu ekki eins fallegar og modelin sem þær sjá en það er eiginlega alltaf breytt smá myndunum svo modelin líta svona “betri,, út. Margir eru líka mjög lengi fram á kvöld eða jafnvel nótt á miðlunum og þá verður svefninn miklu minni.

Ég hef komist að þeirri niðurstöðu að samfélagsmiðlar eru bæði slæmir og vondir fyrir okkur. Þeir geta valdið slæmum áhrifum t.d. með eineltið og kvíðan og allt það, en líka góð áhrif eins og að halda sambandi við vini og læra allskonar eins og tungumál, hljóðfæri og fleira.



Skólalíf




























Mælum með þessum

- Hyldýpið
- Dóttir hafsins
- Pabbi prófessor
- Rangstæður í Reykjavík
- Karítas
- Ljónið
- Oddaflug
- Með heiminn í vasanum
- Eragon
- Kýrin sem klifrar upp í tré
- Þín eigin þjóðsaga
- Emil í kattholti
- Herra Bóbó
- Lára
- Lína langsokkur
- Þyrnifuglarnir
- Aðventa
- Rumpuskógur







Myndir frá þemadögum

Unglingastig















Myndir frá þemadögum

Miðstig













Myndir frá þemadögum

Yngstastig

















Fræðsla um hinseginleikann

Lilja Karlotta Óskarsdóttir



Hinsegin fræðslan sem við fengum var mjög skemmtileg og innihaldsmikil og það sem ég lærði af henni var hvað intersex er. Ég hafði heyrt um það fyrir kynninguna en var aldrei alveg viss hvað það þýddi.

Ég veit mjög mikið um hinsegin fólk bæði af því að mér finnst það áhugavert og af því að ég sjálf er hinsegin. Ég held að skólinn hafi boðið upp á þessa fræðslu svo að fólk skilji betur hvað hinsegin er. Fólk sjái að það breytir þér ekkert sem manneskju þótt að þú sért hinsegin og svo krakkarnir verða meira opnir fyrir þessu. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta sé rætt í skólum og að það sé höfð kynning á hinsegin fólki, svo að fólk verði ekki á móti hinsegin fólki bara af því það skilur ekki hvað það er. Mér finnst líka mikilvægt að hafa kynningu um hinsegin fólk svo að fólk sem líkar við sama kynið, líður ekki vel í sínu kyni eða bara vill ekki stunda kynlíf sjái að þetta sé mjög venjulegt og það er ekkert að þér þótt að þér líði svona.

Ég er mjög opin um kynhneigð mína og ef einhver spyr þá segi ég að ég viti ekki hvaða lýsing stendur fyrir mig en að ég viti að mér líkar við stelpur. Ég hef ekki beint komið út til t.d strákanna í bekknum en ef þeir spyrja þá svara ég bara með sannleikanum. Ég er svona örugg í minni eigin kynhneigð af því að mér var kennt á unga aldri að það er ekkert að því að vera hinsegin og margir væru það. Minna eldri systir mín kom út þegar ég var sirka 11 ára og mér var bara alveg sama, ekki það að ég var ekki stolt af henni heldur að ég sá ekkert sem var skrýtið við þetta. Önnur ástæða af hverju ég er svona opin með það er að mér langar að stelpurnar í bekknum viti að ég er hinsegin svo að ef þær eru að velta því fyrir sér hvort að þær séu það, þá vita þær um einhvern sem er líka svona og þær séu ekki einar í þessu.

Ég var að horfa á þætti sem heita Heartstopper, þeir voru upprunalega bækur svo voru þeir svo góðar bækur að þeim var breytt í þætti. Þessir þættir eru um fullt af hinsegin fólki sem er lagt í einelti út af því. Svona þætti vantaði fyrir 10 árum því allt sem sást þá var gagnkynhneigt hvítt og mjótt fólk. Strákurinn bjargaði stúlkunni bla bla bla og það er ein af ástæðunum af hverju fólki finnst rangt að vera hinsegin, því það aldist upp við að það væri rangt þó það væri ekki sagt í beinum orðum. Það skilaði sér svona og þess vegna elska ég að það séu að koma fleiri þættir, myndir, bækur og leikrit um hinsegin og það sé að gera hinsegin líf venjulegt.

Fræðsla er góð fyrir alla svo þeir skilji betur og séu ekki óöruggir með sjálfa sig og sína eigin kynhneigð, það að geta speglað sig í þáttum og bókum er líka mikilvægt. Þess vegna er gott að skólinn bauð upp á hinsegin fræðslu og sé opinn fyrir hinsegin fólki.